

**3430. fundur bæjarráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni Garðavelli,
16. september 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rákel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **2001006 - Fundargerðir 2020 - Menningar- og safnanefnd**
Forstöðumaður menningar- og safnamála kynnir fundargerð 87. fundar Menningar- og safnanefndar.
Lagt fram.
2. **1904136 - Suðurgata 108 - verðmat, framkvæmdir, sala**
Kauptilboð í Suðurgötu 108.
ELA og VLJ fela bæjarstjóra að vinna málið áfram.
RÓ ítrekar fyrri afstöðu sína í málinu um sölu á eigninni.
3. **1903222 - Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar**
Samstarfssamningur við Hvalfjarðarsveit um verkefni á sviði barnaverndar og félagsþjónustu.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að upplýsa Hvalfjarðarsveit um ákvörðun Akraneskaupstaðar.
4. **1904086 - Íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynja hússjóður**
Samstarfssamningur Akraneskaupstaðar og Brynju Hússjóðs Öryrkjabandalags um úthlutanir íbúða til öryrkja samkvæmt biðlista sveitarfélagsins eftir félagslegum leiguíbúðum.
ELA og VLJ samþykkja samkomulag um að gerður verður samstarfssamningur á milli Akraneskaupstaðar og Brynju, Hússjóðs Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ) þar sem m.a. verði tryggt að úthlutun íbúðanna, sem stofnframlag Akraneskaupstaðar tekur til, fari til öryrkja samkvæmt biðlista sveitarfélagsins eftir félagslegum íbúðum og að leigufjárhæðir verði alfarið ákveðnar af stjórn ÖBÍ samkvæmt skilyrðum laga nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 183/2020.
RÓ situr hjá við afgreiðslu málsins.
5. **2004058 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða**
Samstarfssamningur Akraneskaupstaðar og Leigufélags aldraðra um úthlutanir leiguíbúða sem byggðar verða með stuðningi stofnframlags Akraneskaupstaðar og ríkisins.
ELA og VLJ samþykkja samkomulag um að gerður verður samstarfssamningur á milli Akraneskaupstaðar og Leigufélags aldraða þar sem m.a. verði tryggt að